

Alþingi
Erindi nr. P 140/2186
komudagur 8.5. 2012

Athugasemd vegna rammaáætlunar

Guðný Guðmundsdóttir [gudny.gudmundsdottir@gmx.de]

Sent: 8. maí 2012 22:02

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Háttvirt atvinnuveganefnd / nefndasvið / alþingi

Ég, Guðný Guðmundsdóttir, kt. 030870-4419, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælnun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar. Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða. Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófa við umhverfi gígaradarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingar fylgst,

Guðný Guðmundsdóttir